

Nd.

161. Breytingartillaga

við frv. til laga um slysatryggingar.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

3. töluliður 5. greinar orðist svo:

Foreldrar hins látna. Nú hefir að eins annað foreldri hans að nokkru eða öllu leyti á hendi framfærslu systkina hans í ómegð, og fær það þá allar

dánarbæturnar, enda sje hitt foreldrið ekki styrkþurfi sjer til framfæris. Enn fremur fósturforeldrar, ef þeir voru á hans framfæri eða hann hefir verið til heimilis hjá þeim, þegar slysið varð.